

Kópavogsbær  
Smári Smáráson,  
skipulagsstjóri  
Fannborg 2  
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. janúar 2009  
Tilvísun: UST20080800009/ksj

## **Kársnes – vesturhluti. Veruleg breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024.**

Vísað er til erindis Skipulagsstjóra Kópavogs er barst þann 2. desember 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um verulega breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024. Erindinu fylgja tillaga um breytt svæðisskipulag, umhverfisskýrsla, skýrsla um umferð á Kársnesi, mat á umferðarhávaða í vesturhluta Kópavogs og skjal frá Náttúrufræðistofu Kópavogs er varðar : „Lífriki og vistfræði Fossvogs vegna skipulagsáforma á Kársnesi.“

Tillaga að breyttu Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir nýrri 13 ha fyllingu kringum núverandi hafnarsvæði. Auk þess nær skipulagssvæðið yfir 8 ha endurbótasvæði og núverandi hafnarsvæði skv. Aðalskipulagi 2000 -2012. Alls er svæðið um 40 ha. Breytingin á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2002 – 2024 fyrir Kársnes vesturhluta felur í sér að nýr byggðarreitur fyrir blandaða byggð verður skilgreindur vestast á nesinu. Hann mun ná yfir núverandi iðnaðar- og hafnarsvæði auk nýrra landfyllinga vestast á Kársnesi. Ef af breytingu verður fjölgar íbúðum í vesturbæ Kópavogs um 800 og magn atvinnuhúsnæðis minnkar um 10.000 m<sup>2</sup>.

### **Fyrri umsögn**

Umhverfisstofnun ítrekar fyrri umsögn sína dagsett 13.11. 2008 um tillögu að breyttu Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024, sem var send út með umsögn um tillögu að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000 – 2012, en gerir einnig frekari athugasemdir varðandi landfyllingar og umfjöllun um lífríki og vistfræði í Fossvogi.

### **Landfylling 13 hektarar**


Umhverfisstofnun bendir á að í tillögunni felst gerð nýrrar landfyllingar sem mun verða allt að 13 ha að stærð. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum lið 10.i er ofangreind framkvæmd tilkynningaskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, eða eins og segir í lögnum: “*framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með*


*tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.”*  
Samkvæmt 2. viðauka gildir þetta um: *”Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri”*. Að mati Umhverfisstofnunar ætti þetta að koma fram í umhverfisskýrslu með breytingartillögunni.

### **Lífriki og vistfræði Fossvogs**

Meðfylgjandi tillögu að breyttu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er samantekt frá Náttúrufræðistofnun Kópavogs um lífríki og vistfræði Fossvogs. Þar kemur meðal annars fram að til stendur að framkvæma söfnun gagna í Fossvogi um ferskvatnsrennsli Fossvogslækjar og við fuglaathuganir. Einnig kemur fram að kanna þarf fjöru- og botndýralífriki í Fossvogi. Umhverfisstofnun bendir á að umfang tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins sé það mikið að erfitt sé að meta áhrif breytingartillögunnar fyrr en á seinni stigum þegar frekari upplýsingar liggi fyrir.

Virðingarfyllst

  
Asgeir Björnsson  
Sérfræðingur

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

